

Nefndasvið Alþingis B.t.
Efnahags- og viðskiptanefndar
Austurstræti 8-10, 101 Reykjavík

Sent með tölvupósti á
nefndasvid@althingi.is

Reykjavík, 2. desember 2020

Efni: Umsögn um „Frumvarp til laga um viðspyrnustyrki.“ þingskjal 390 - Mál 334.

Samtök fyrirtækja á veitingamarkaði (SFV), vísa til umsagnarbeiðni formanns efnahags- og viðskiptanefndar (OBK), þann 30. nóvember sl. um ofangreint frumvarp.

SFV eru hagsmunasamtök fyrirtækja sem starfa á veitingamarkaði á Íslandi og telja nú á fjórða tug aðildarfyrirtækja, sem hjá starfa um 4 þúsund starfsmenn á yfir 140 útsölustöðum víðsvegar á landinu. Undirbúningur að stofnun samtakanna hófst í upphafi árs 2019 og mun formleg lögskráning eiga sér stað á næstu vikum. Undirritaður er einn þeirra sem leiða stofnun samtakanna og kemur fram í nafni þeirra.

Sóttvarnaaðgerðir stjórnvalda hafa komið afar illa niður á veitingastöðum og hefur rekstrargrundvelli nánast verið kipt undan þeim með fjöldatakmarkunum sem hafa varað meirihluta ársins 2020. Það er því mikilvægt að koma til móts við þessi fyrirtæki ef ekki á illa að fara með tilheyrandi atvinnumissi starfsfólks greinarinnar í heild.

Tillaga að breytingu frumvarps:

Samtökin skora á stjórnvöld að gera breytingu á umræddu frumvarpi sem felur í sér að miða við 30% tekjutap í stað 60%.

Veitingastaðir á Íslandi eru reknir með afar lágri framlegð sökum hás verðs aðfanga og launakostnaðar. Þannig má lítið útaf bregða svo að illa fari.

Bæði Svíþjóð og Danmörk miða við 30% tekjufall í aðgerðum sínum. Slíkt tekjufall eitt og sér er erfitt að takast á við í veitingarekstri en 60% tekjufall er ómögulegt með öllu. Svo hátt “inntökugjald” mun valda því að stuðningurinn mun gagnast fáum og þannig ekki koma í veg

fyrir fjöldagjaldþrot og atvinnumissi innan greinarinnar.

Þannig er hætt við að það verði fáir eftir til að veita viðspyrnu líkt og styrknum er ætlað að gera.

Efnahags- og viðskiptanefnd er því eindregið hvött til að taka ofangreinda tillögu til skoðunar svo styrkurinn veiti raunverulega viðspyrnu til handa fyrirtækjum.

Virðingarfyllt,

F.h. SFV - Samtaka fyrirtækja á veitingamarkaði



Emil Helgi Larússon